

**Veitur ohf.**

**Rannsóknar- og vinnsluholur**

**Verklýsing**

**Verðfyrirspurn VEVF-2024-01**

# Janúar 2024

## Efnisyfirlit

|          |  |          |
|----------|--|----------|
| <b>1</b> | <b>Verklýsing.....</b>                     | <b>3</b> |
| 1.1      | Almennt.....                               | 3        |
| 1.1.1    | Almennt.....                               | 3        |
| 1.1.2    | Bor og tæki hans.....                      | 4        |
| 1.1.3    | Borstæði.....                              | 4        |
| 1.1.4    | Aðstaða.....                               | 4        |
| <b>2</b> | <b>Verkið.....</b>                         | <b>4</b> |
| 2.1      | Almennt.....                               | 4        |
| 2.1.1    | Almennt.....                               | 4        |
| 2.1.2    | Söfnun gagna og skýrslur.....              | 4        |
| 2.2      | Flutningar á verkstað í upphafi verks..... | 4        |
| 2.3      | Flutningar á milli holna.....              | 5        |
| 2.4      | Flutningar á milli holna innan svæðis..... | 5        |
| 2.5      | Vatnsveita.....                            | 5        |
| 2.5.1    | Laugaland í Holtum.....                    | 5        |
| 2.5.1    | Kjalarnes.....                             | 5        |
| 2.5.1    | Geldinganes.....                           | 6        |
| 2.6      | Borun rannsóknar- og vinnsluholna.....     | 6        |
| 2.7      | Fóðrun.....                                | 7        |
| 2.8      | Steyping.....                              | 7        |
| 2.9      | Holutoppur.....                            | 7        |
| 2.10     | Þétting holu vegna hruns.....              | 8        |
| 2.11     | Blástursprófanir.....                      | 8        |
| 2.12     | Tímagjald og aukaverk.....                 | 8        |
| 2.13     | Efni og tæki sem verktaki leggur til.....  | 8        |
| 2.14     | Framlag verkkaupa.....                     | 9        |
| <b>3</b> | <b>Tilboðsskrá.....</b>                    | <b>9</b> |
| 3.1      | Almennt.....                               | 9        |

# 1 Verklýsing

## 1.1 Almennt


### 1.1.1 Almennt

Veitur ohf. fyrirhuga að bora 4 holur rannsóknarholur (pilot holur) og hugsanlega víkka (rýma) 2 af þeim í vinnsluholur ef ásættanleg lekt finnst í rannsóknarholunum. Gert er ráð fyrir að dýpi holanna verði um 800 m og þvermál vinnsluhluta verði ekki minna en 6 1/2". Ef lekt finnst við borun þá verður holan rýmd fyrir 8 5/8" fódringu niður á allt að 300 m dýpi, sjá holuhönnun hér að neðan, Tafla 1, Mynd 1 og Mynd 2. Verklýsing borunar er lýst nánar í kafla 2.6.

| Rannsóknar- og vinnsluholur         | Dýpi allt að (m) | Ath              |
|-------------------------------------|------------------|------------------|
| ~14" þrifafóðring                   | 2 - 4            | Steypt í botninn |
| 10 3/4" yfirborðsfóðring            | 10 -100          | Steypt           |
| Rýming fyrir 8 5/8" vinnslufóðringu | 300              | Steypt           |
| Minnst 6 1/2" vinnsluhluti          | 800              | Opin hola        |


Tafla 1. Holuhönnun rannsóknar- og vinnsluholna.

### Undanfarahola



Mynd 1. Rannsóknarhola (Undanfarahola)

### Sporgönguhola



Mynd 1. Vinnsluhola (Sporgönguhola)

Holurnar sem skal bora verða staðsettar á Laugalandi í Rangárvallasýslu, Kjalarnesi og Geldinganesi.

Verki skal lokið í síðasta lagi 30.11.2024.

### 1.1.2 Bor og tæki hans

Bor og tæki hans skulu ráða við verkið með góðu móti. Í því felst að bora í allt að 800 m og koma fyrir vinnslufóðringu á um 300 m dýpi. Verkkaupi áskilur sér rétt á að skoða bor og búnað hans áður en hann verður fluttur á verkstað. Bortæki skulu henta veðurfari og aðstæðum á svæðinu. Hann skal vera í góðu rekstrarhæfu ástandi, uppfylla kröfur Vinnueftirlits ríkisins og annarra opinberra aðila.

Verkkaupi gerir ríkar kröfur til verktaka um gott ástand alls búnaðar og skal huga sérstaklega vel að olíuleka og olíusmiti. Verktaki skal hafa til reiðu viðbragsáætlun til þess að koma í veg fyrir að olía berist ofan í jarðlög ef óhapp verður. Fulltrúar verkkaupa munu gera úttektir reglulega á búnaði meðan á verki stendur og skal verktaki bregðast tafarlaust við öllum athugasemdum fulltrúa verkkaupa.

### 1.1.3 Borstæði

Gott aðgengi verður að holunum og mun verkkaupi útbúa borstæði sem hentar bortæki verktaka. Verktaki skal skila teikningu af borstæði með tilboði sínu. Stærð borstæðis skal haldið í lágmarki. Verktaki skal ganga snyrtilega um svæðið.

### 1.1.4 Aðstaða

Verktaki skal sjá um að girða af vinnusvæði sitt til að hindra aðkomu óviðkomandi inná svæðið. Verktaki skal einnig sjá um aðstöðu starfsmanna og kostnaður vegna þessa innifalinn í tilboðsliðum.

## 2 Verkið

### 2.1 Almennt

#### 2.1.1 Almennt

Innifalið í verkinu er útvegur og flutningur á öllum þeim tækjum og efni þar með talið borkrónur, streng, stýringar, fóðringar og allt efni og búnað sem þörf er á til verksins.

Athafnasvæði borverktaka takmarkast af borstæði og aðliggjandi borstæðum. Gæta skal þess að borsvarf og borvatn berist ekki út fyrir skilgreint athafnasvæði borverktaka.

Gæta skal sérstaklega að ekki verði umhverfisspjöll af völdum framkvæmdarinnar.

Holurnar verða boraðar á Kjalarnesi, Geldinganesi og Laugalandi í Rangárvallasýslu. Aðgengi að svæðunum er gott og munu borstæðin verða á frekar flötu landi. Gróf staðsetning á holunum liggur fyrir en nákvæm staðsetning borstæðis verður ákveðin með tilliti til þarfa borverktaka eftir að verksamningur hefur verið undirritaður.

#### 2.1.2 Söfnun gagna og skýrslur

Mikilvægt er að halda reglubundinni skráningu á upplýsingum, sem fást meðan á verki stendur, og kemur það mikið til í hlut áhafnar borsins að sinna því. Veigamikið er að borskýrslur séu fylltar út samvisskusamlega eins og þær gefa tilefni til eins og t.d. helstu upplýsingar um borstrenginn, álag og snúningshraða krónu og dýpi hverju sinni. Leggja skal fram borskýrslu daglega til samþykktar og afhenda fulltrúa verkkaupa á skriflegu formi og í lok verks skal verktaki skila skýrslum á rafrænu formi.

### 2.2 Flutningar á verkstað í upphafi verks

Flutningur á verkstað telst vera flutningur á bor og tækjum frá heimastöðvum verktaka að borstað á Laugalandi svo og uppsetning alls búnaðar á fyrsta borstað. Innifalinn er leiga fyrir bor og tæki hans og allur kostnaður á meðan flutningi á borstað og uppsetningu stendur. Flutningi telst lokið þegar borinn er tilbúinn þannig að borun geti hafist. Gert er ráð fyrir að fyrsti flutningur verði á Laugaland þar sem fyrsta holan verður boruð.

### ***Greiðsluliður***

Greiðsluliður er heildarverð og verður einungis greiddur einu sinni. Allur kostnaður við flutning bortækja skal innifalinn, þar með taldar tryggingar. Öll tæki sem tilheyra verkinu skulu vera komin á verkstað. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir flutning tækja af verkstað að verki loknu.

## **2.3 Flutningar á milli holna**

Flutningar á milli holna telst vera flutningur á bor og tækjum á milli holna í verkinu og uppsetningu alls búnaðar á nýjum verkstað. Hér er átt við flutninga frá Laugalandi og í Kjalarnes annars vegar og flutninga frá Kjalarnesi og í Geldinganes hins vegar. Innifalinn er leiga fyrir bor og tæki hans meðan á flutningi á borstað og uppsetningu stendur. Flutningi telst lokið þegar borinn er tilbúinn þannig að borun geti hafist.

### ***Greiðsluliður***

Greiðsluliður er heildarverð. Allur kostnaður við flutning bortækja skal innifalinn, þar með taldar tryggingar. Öll tæki sem tilheyra verkinu skulu vera komin á verkstað. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir flutning tækja af verkstað að verki loknu.

## **2.4 Flutningar á milli holna innan svæðis**

Flutningar á milli holna innan svæðis telst vera flutningur á bor og tækjum á milli holna innan sama svæðis í verkinu og uppsetningu alls búnaðar á nýjum verkstað. Innifalinn er leiga fyrir bor og tæki hans og allur kostnaður á meðan flutningi á borstað og uppsetningu stendur. Flutningi telst lokið þegar borinn er tilbúinn þannig að borun geti hafist.

### ***Greiðsluliður***

Greiðsluliður er heildarverð. Allur kostnaður við flutning bortækja skal innifalinn, þar með taldar tryggingar. Öll tæki sem tilheyra verkinu skulu vera komin á verkstað. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir flutning tækja af verkstað að verki loknu.

## **2.5 Vatnsveita**

### **2.5.1 Laugaland í Holtum**

Vatnsveita í Laugalandi er máttlítil og ekki hægt að fá vatn úr henni til borunar. Sæmilega vatnsmikill lækur rennur í dalbotninum sem margoft hefur verið notaður við boranir á svæðinu. Aðgengi að læknum er gott og auðvelt að koma fyrir stíflu (sem verktaki sér um) ef hækka þarf vatnsborðið á þeim stað sem dælt er upp úr læknum. Verktaki skal gera ráð fyrir því að leggja til dælu og sjá um rekstur og viðhald hennar á meðan verki stendur. Verktaki skal einnig leggja til vatnsveitulagnir og fjarlægja að verki loknu. Vatnið er sæmilega tært nema í stórrigningum og leysingum. Lækurinn er í um 100 m fjarlægð frá borstað.

### **2.5.1 Kjalarnes**

Vatnsveita Veitna nær að hæsnahúsi á Brimnesi og þar er brunahani. Mælingar úr brunahana sýna að hægt er að fá yfir 10 l/s úr honum. Brunahaninn er í um 350 m fjarlægð frá borstöðum. Verktaki skal leggja til vatnsveitulagnir og fjarlægja að verki loknu. Verktaki skal leggja til búnað til að tengja við brunahana. Opnun á brunahana skal gerð í samráði við umsjónarmann verkkaupa en slíkar aðgerðir þarf að tilkynna til stjórnstöðvar Veitna áður en hleypt er á.

### 2.5.1 Geldinganes

Engin vatnsveita er þessa stundina á Geldinganesi en Veitur munu leggja plastlöggn ofanjarðar frá tengibrunni sunnan við Eiðsvík og út að borstað. Við tengibrunninn liggur 600 mm vatnsæð vatnsveitu Veitna þannig að vatnsmagn þaðan er nánast ótakmarkað.

#### ***Greiðsluliður***

Greiðsluliður er heildarverð á hverjum verkstað. Allur búnaður sem tilheyrir verkinu skulu vera komin á verkstað. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir flutning búnaðar af verkstað að verki loknu og skal innifalið í heildarverði.

### 2.6 Borun rannsóknar- og vinnsluholna

Verktaka er heimilt að velja þá boraðferð sem hann telur henta best, miðað við aðstæður í holu hverju sinni, að því tilskyldu að hennar sé getið á tilboðsblaði og að hún sé í samræmi við starfsleyfi heilbrigðiseftirlits umdæmisins. Þó er gerð krafa um að verktaki skuli notast við jafnvægisborunar aðferð þegar vatnsríkar æðar finnast í mögulegum vinnsluhluta og ekki er mögulegt að halda áfram borun með lofthamri.

Verkið felst í að bora fjórar (4) rannsóknarholur allt að 800 m djúpar. Holurnar eiga að vera það víðar að auðveldlega gangi að setja niður fóðringar og steypa fastar. Þvermál holunnar er háð samþykkis umsjónarmanns verkkaupa. Dýpi fóðringar miðast við endanlega hæð á borplani og skal verktaki fara eftir verklýsingu nánari fyrirmælum umsjónarmanns verkkaupa við ákvörðun fóðringa og lokadýpis.

Efstu 10-100 m (fer eftir svæðum) skal fóðra með 273 mm (10 3/4“) yfirborðsfóðringu (steypit alla leið til yfirborðs). Því næst skal bora rannsóknarhluta með að lágmarki 6 1/2“ hamri/krónu í allt að 800 m. Endanlegt dýpi verður ákveðið af umsjónarmanni og jarðfræðiráðgjafa verkkaupa.

Ef ásættanleg lekt finnst við borun rannsóknarholna skal verktaki rýma út rannsóknarhlutann og koma fyrir 8 5/8“ vinnslufóðringu á allt að 300 m dýpi sem verður steypit.

Til að verja lekt holunnar sem hugsanlega hefur fundist við rannsóknarborun skal verktaki koma fyrir steypum tappa fyrir ofan leka svæðið. Dýpi tappa verður ákveðið í samráði við umsjónarmann verkkaupa. Tappinn er steypur sívalningur sem slakað er ofan í holu með kaðalspotta. Þegar tappinn er kominn á réttan stað er strekkt á kaðlinum og perlumöl sett ofan á tappann og síðan pússningasandur og síðan steypa til að þetta fyrir rennsli niður holuna fram hjá tappanum. Eftir að steypan hefur harðnað er kaðallinn sem hélt tappanum slitinn laus. Kannað er með vatnsdælingu hvort holan er þétt (án skoltaps), og hugsanlega einnig með hitamælingu ef þörf er á. Verktaka er einnig frjálst að leggja til aðferð við að koma fyrir og steypa tappa. Verktaki skal bera leita samþykkis hjá umsjónarmanni verkkaupa fyrir aðferð sem hann leggur til.

Eftir að tryggum steyputappa hefur verið komið fyrir skal verktaki rýma út holuna fyrir 8 5/8” vinnslufóðringunni í allt að 300 m eins og áður sagði. Því næst skal verktaki fóðra holuna eins og lýst er í kafla 2.7 og steypa eins og lýst er í kafla 2.8. Þegar fóðring hefur verið steypit og fóðringarsteypa vel hörðnuð skal steyputappi boraður út og öll borun þá og fram að borlokum skal vera jafnvægisborun.

#### ***Greiðsluliður***

Greitt verður einingarverð, kr/m, fyrir hvern boraðan metra í bergi. Verkliðurinn hefst með niðursetningu á borstreng og lýkur þegar tekið hefur verið upp eftir að tilskyldu bordýpi er náð og holan

skoluð hrein. Innifalinn er kostnaður af hugsanlegri rýmingu áður en fódrað er, hér er ekki átt við rýmingu sem þarf til að gera holurnar að vinnsluholum. Greitt verður sérstaklega fyrir rýmingu fyrir vinnslufóðringu. Greitt er heildarverð fyrir að koma fyrir steyputappa og steypa hann. Borefni sem verktaki þarf að nota til verksins og tilgreind eru í tilboðsskrá verður greitt samkvæmt boðnum einingarverðum og magni sem var notað í verkið.

## 2.7 Fóðrun

Fóðra skal holuna með tilgreindri gerð fódurröra. Áður en fódrað er skal ganga úr skugga um að fódurrör sé af réttri gerð og veggþykkt.

| Fóðurrör                 | Stærð           | Efnisgæði |
|--------------------------|-----------------|-----------|
| Þrifafóðring (14“)       | φ355,6 x 8 mm   | S235JR    |
| Yfirborðsfóðring (10 ¾“) | φ273 x 6,3 mm   | P235TR    |
| Vinnslufóðring (8 5/8“)  | φ219,1 x 6,3 mm | P235TR    |

### *Greiðsluliður*

Greitt verður einingarverð, kr/m, fyrir niðurkomna fóðringu og kr/m fyrir fóðringarefni. Auk fóðringar og vinnu við að sjóða hana saman og setja niður er öll undirbúningsvinna fyrir fóðrun innifalin, svo sem flutningur á fódurrörum á borstað og ásoðin ankeri. Allt aukaefni er innifalið í einingarverði.

## 2.8 Steyping

Fóðringar skal steypa með sementsefju og skal þurrefnið vera Portlandsement eða sambærilegt að gæðum. Steypa skal fóðringar til yfirborðs og tryggja þannig að ekki geti lekið úr efri jarðlögum, milli holuveggjar og fóðringar, niður fyrir fóðringuna ásamt því að holutoppur sé vel varinn fyrir tæringu við yfirborð.

Þegar steyping er ákveðin skal gæta þess að hagkvæmasta aðferð sé valin miðað við aðstæður. Ákveða skal rúmmál steypu sem sett er í holu í samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Verktaki skal leggja til sérhæfðan mann til að stjórna steypingu og undirbúningi hennar. Ekki skal ráðist til aðgerða fyrr en lögð hefur verið fram áætlun um framkvæmd steypingar og hún samþykkt af eftirlitsmanni verkkaupa.

### *Greiðsluliður*

Fyrir steypingu er annars vegar greitt upphafsgjald pr. steypingu og hins vegar kr/m<sup>3</sup> fyrir sementsefju. Verkliðurinn hefst þegar hola er tilbúin til steypingar og lýkur þegar 12 klst. steypuhörðunarbíð er liðin. Öll undirbúningsvinna, vélar og vinna við steypuvinnuna er innifalin.

## 2.9 Holutoppur

Verktaki skal leggja til DN250 PN16 og DN200 PN16 holuflanga, bolta, pakkningar og blindlok. Flanga skal sjóða við yfirborðsfóðringuna (DN250) á þeim holum sem ekki verða rýmdar en á vinnslufóðringuna (DN200) á þeim holum sem verða rýmdar út. Skal verktaki tryggja að flangsinn sé láréttur. Verktaki koma fyrir boltuðu blindloki og pakkningu.

### *Greiðsluliður*

Greiðsluliðir eru heildarverð fyrir frágang á flangsi og blindloki á vinnsluholu. Innifalið er allt efni og vinna sem þarf til að fullgera verkið.

## 2.10 Þétting holu vegna hruns

Ef hrun verður í holu, sem ekki má rekja til óeðlilegra vinnuáðferða eða handvammur við borunina, verður greitt sérstaklega fyrir að koma holunni í vinnsluhæft ástand. Þar með talið ef steypa þarf í holu. Eftirlitsmaður skal látinn vita þegar slíkar aðstæður skapast.

### *Greiðsluliður*

Greitt er tímagjald fyrir þéttingu holu vegna hruns, efniskostnaður ekki innifalinn. Ekki er greitt sérstaklega fyrir notkun á steyputækjum, hvorki hér né annars staðar. Ekki er greitt upphafsgjald steypingar enda skal það innifalið í tímagjaldi. Greitt verður fyrir þéttingarefni skv. greiðslulið 2.6.6.

## 2.11 Blástursprófanir

Að lokinni borun skal holan afkastamæld með loftdælingu. Verktaki leggur til kar með V-laga yfirfalli til að mæla rennsli ásamt þrýstimæli á loftrás. Framkvæmd prófunar verður stýrt af verkkaupa í samráði við verktaka. Reiknað er með að prófunin taki 3 til 6 klukkustundir.

### *Greiðsluliður*

Greitt er upphafsgjald fyrir útvegum, flutning og uppstillingu V-laga rennislismælikars og annars búnaðar sem þarf til að beina rennsli í mælikar. Greitt er tímagjald fyrir blástursprófun og innifelur það jafnt loftpressur og vinnu sem og annan rekstrarkostnað meðan á prófinu stendur. Að loknu blástursprófi er miðað við að verktaki fjarlægji af verkstað allan búnað því tengdu. Uppteikt og flutningur búnaðar af verkstað skal innifalinn í tímagjaldi.

## 2.12 Tímagjald og aukaverk

Biðtími er greiddur sérstaklega ef vinna fellur niður meira en eina klukkustund samfelld í hverju tilfelli fyrir sig vegna tafa sem rekja má til verkkaupa og þá samkvæmt sérstöku tímagjaldi. Ekki er greitt fyrir veðurtafir.

Ef til aukaverka kemur þá verða greidd tímagjöld fyrir bor og tæki hans og boráhöfn þegar borinn er í biðstöðu og hins vegar tímagjald fyrir bor og boráhöfn þegar borinn er í gangi og fullum rekstri.

Greiðsla fyrir unna klst. er heildargreiðsla sem verktaki vinnur í tímavinnu fyrir verkkaupa. Innifalinn í einingaverðum er allur kostnaður við hvort tímagjald fyrir sig, m.a. allur kostnaður sem fylgir nauðsynlegum tækjabúnaði til verksins og því að hafa menn í vinnu, þ.m.t. fæðis- og flutningskostnaður, kaup á ferðum að og frá vinnustað, yfirstjórn o.s.frv.

Tímagjald er jafnaðargjald, óháð á hvaða tíma sólarhrings og hvaða daga er unnið. Verktaki fær greiddan þann tímafjölda sem unnið er beint við tímavinnuverk, þ.e. raunverulega unna tíma, óháð því hvernig tímaskrift starfsmanna sjálfra er háttáð. M.a. verður ekki greitt fyrir kaffitíma, matartíma, ferðatíma eða aðra óunna tíma sem starfsmenn fá greidda samkvæmt kjarasamningum.

### *Greiðsluliður*

Tímagjald, áhöfn og öll tæki sem bornum tilheyrja eru innifalinn.

## 2.13 Efni og tæki sem verktaki leggur til

Verktaki leggur til það efni sem nauðsynlegt er til þess að ljúka verkinu samkvæmt verklýsingu þessari, nema það sé sérstaklega undanskilið í verklýsingu þessari.

Fyrir efni og vinnu sem verktaki útvegar (fyrir utan það sem tekið er fram í verklýsingu þessari og tilboðsskrá) verður greitt raunverulegt kostnaðarverð þess, komið á verkstað og skal verktaki leggja fram reikninga því til sönnunar. Auk þess verður greitt 5 % álag fyrir efnisútvegum og utanumhald. Ef verkaki telur að kaupa þurfi efni eða vinnu sem verkkaupi skal sannanlega greiða fyrir skal verktaki leita samþykkis umsjónarmanns verkkaupa áður en þöntun efnis eða vinnu er gerð.



Að lokinni borun á hverri borholu skal verktaki skila samantekt í töflu á stafrænu formi (t.d. excel-skjali) um efnisnotkun í þeirri holu.

### ***Greiðsluliður***

Raunverulegt kostnaðarverð auk 5% álags.

## **2.14 Framlag verkkaupa**

Verkkaupi leggur til borstæði. Verktaki skal afhenda þrifafóðringar til verkkaupa sem kemur þeim fyrir. Annað sem þarf til verksins leggur verktaki til.

## **3 Tilboðsskrá**

### **3.1 Almenn**

Tilboðsskráin skal fyllt út með þann skilning í huga, að einingarverð og heildarverð í tilboðsskrá taki til alls þess verks, sem framkvæma skal samkvæmt verksamningi, þar með talin sérhver og öll vinna, flutningar, aðstaða og efni, sem ekki er sérstaklega getið, en sem telja má að sé nauðsynlegt til að unnt verði að ljúka við sérhvern hluta verksins á tilhlýðilegan, traustan og vel unninn hátt. Skal slíkt teljast vera hluti af verksamningnum, og allur kostnaður, sem af því leiðir, felast í verði í tilboðsskrá, nema annars sé sérstaklega getið. Allur kostnaður vegna flutninga á starfsmönnum til og frá vinnusvæðinu svo og innan svæðisins skal innifalinn í verði tilgreindu í tilboðsskrá. Verkkaupi leggur ekki til verksins annað en það, sem tilgreint er í samningsgögnum.

Öll einingarverð og heildarverð í tilboðsskrá skulu vera án virðisaukaskatts.

Komi til tímavinnu starfsmanna verktaka þá skal innifalið í tímavinnutöxtum fyrir mannafla og tæki allur kostnaður við að hafa viðkomandi menn eða tæki í vinnu á vinnusvæðinu, þ.e. laun og launatengd gjöld, verkstjórn, yfirstjórn, ágóði og áhætta verktaka, flutningur á mönnum og tækjum til og frá vinnusvæðinu og innan svæðisins, upphald með fæði og húsnæði, allur rekstrarkostnaður tækja, svo og öll lög- og samningsbundin gjöld, þó ótalin séu. Sérstaklega er bent á að kostnaður við allar tryggingar sem krafist er í samningsgögnum skal innifalinn í tilboðsupphæð.

Greiðslur fyrir tímavinnu starfsmanna verktaka skulu miðaðar við unna tíma, þ.e. vinnustundir, sem eru beinlínis unnar. Þannig greiðast ekki vinnuhlé svo sem matar- og kaffitímar eða ferðatímar, óháð því hvort starfsmenn verktaka eru sjálfir á launum samkvæmt eigin tímaskrift og kjarasamningum. Greiðslur fyrir vinnuvélar og tæki verða inntar af hendi einungis miðað við unna tíma. Tímataxtar í tilboðsskrá skulu miðaðir við þessar forsendur og vera án virðisaukaskatts.

Í tilboðsskrá skal bjóðandi skrá einingaverð. Í einingaverðum þessum skal innifalinn allur kostnaður verktaka vegna þess verks er einingaverðið á við um, sbr. fyrri athugasemdir í þessum kafla. Einingarverð þessi verða notuð vegna ófyrirséðra breytinga í verkinu, hvort heldur er til minnkunar eða aukningar. Magntölur eru áætlaðar.